

REGLUGERÐ

um riðuveiki í fé.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að útrýma dæmigerðri riðuveiki í sauðfé á Íslandi með því að rækta gegn veikinni, tryggja vöktun og framkvæma markvissar aðgerðir þegar riðuveiki greinist í fé. Auk þess er markmið reglugerðar þessarar að styðja við arfgerðagreiningar og ræktun sauðfjár með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir og endurreisn búskapar þar sem riðuveiki hefur greinst ásamt því að kveða á um stuðning og bætur vegna niðurskurðar.

2. gr.

Gildissvið o.fl.

Reglugerð þessi tekur til smitefnis riðu (PrPSc) og riðuveiki í fé, bæði dæmigerðrar riðuveiki sem og afbrigðilegrar riðuveiki.

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Matvælastofnun fer með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð og orðasambönd þá merkingu sem hér segir:

Afbrigðileg riðuveiki: staðfest tilvik riðuveiki sem er aðgreinanlegt frá dæmigerðri riðuveiki í samræmi við viðmiðanir sem mælt er fyrir um í tæknihandbók tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins um lýsingu á stofni smitandi heilahrörnnunar í smærri jörturdýrum. Hér undir fellur NOR98.

Áhættuhólf: varnarhólf þar sem dæmigerð riðuveiki hefur verið staðfest síðastliðin sjö ár og svo lengi sem einhver bær í varnarhólfinu er skilgreindur sem riðubær eða áhættubær samkvæmt 6. gr. Varnarhólf eru til hvers tíma skilgreind í auglýsingu um varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma.

Dæmigerð riðuveiki: staðfest tilvik riðuveiki sem er flokkað sem dæmigert í samræmi við viðmiðanir sem mælt er fyrir um í tæknihandbók tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins um lýsingu á stofni smitandi heilahrörnnunar í smærri jörturdýrum, sbr. reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnnunar, nr. 41/2012.

Fé: sauðfé og geitfé.

Fjárvís: gagnagrunnur sauðfjárræktar í eigu Bændasamtaka Íslands og í umsjón Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Heiðrún: gagnagrunnur geitfjárræktar í eigu Bændasamtaka Íslands og í umsjón Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Hjörð: ein eða fleiri kindur/geitur sem haldnar eru saman á tiltekinni jörð/jörðum og eru í umsjón sama eða sömu aðila þannig að hópurinn myndar sameiginlega smiteiningu fjárens.

Riðuhjörð: er hjörð þar sem riðuveiki hefur verið staðfest og þar sem takmarkanir hvíla enn á, samkvæmt reglugerð þessari.

Eigandi fjár: sá aðili sem skráður er sem slíkur á viðkomandi búsnúmer í gagnagrunninum Bústofni samkvæmt lögum um búfjárhald, nr. 38/2013.

II. KAFLI

Ræktun gegn riðuveiki.

4. gr.

Ræktun gegn riðuveiki og arfgerðir.

Allir eigendur sauðfjár skulu rækta sauðfjárstofn sinn þannig að hann verði þolinn gegn riðuveiki í samræmi við markmið sem sett eru í gildandi landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu. Óheimilt er að nota kynbótahrúta sem bera VRQ genasamsætu. Matvælastofnun getur þó, í samráði við fagráð í sauðfjárrækt, veitt eigendum fjár undanþágu frá settum markmiðum um ræktun gegn riðu, beri hjörð einstaka eiginleika svo sem forystufé, feldfé, brúskfé og fleira sem talið er æskilegt að varðveita.

Í viðauka I með reglugerð þessari er tafla sem skilgreinir arfgerðir sauðfjár. Þær eru flokkaðar sem verndandi (V), mögulega verndandi (MV) og næmar (N). Arfgerð samanstendur af tveimur genasamsætum, einni frá hvoru foreldri. Við greiningu á arfgerð príonpróteinsins í sauðfé skal að lágmarki greina aminosýrur í sætum 136, 137, 151, 154 og 171.

Matvælastofnun gerir tillögu til ráðherra um uppfærslu viðauka I eftir því sem við á.

Við greiningu á arfgerð príonpróteinsins í geitfé skal að lágmarki greina aminosýrur í sætum 146 og 222.

III. KAFLI

Varnir gegn riðuveiki.

5. gr.

Almennar forvarnir gegn riðuveiki.

Eigandi fjár skal sjá til þess að smitvarnir séu viðhafðar í samræmi við reglugerð þessa og verja fé sitt fyrir smiti eins og honum er framast unnt.

Áður en eigandi tekur við fé, tækjum, hlutum, fóðri eða efni sem verið hefur á öðrum bæ er honum skylt að kanna flokkun þess bæjar í Fjávís/Heiðrúnu, sbr. 7. gr., og afla sér upplýsinga um takmarkanir sem kunna að gilda um viðkomandi bæ.

Sérstakra smitvarna skal gætt á sauðburði með góðu hreinlæti, reglulegum þrifum og sóttthreinsun. Hildir og hræ skulu fjarlægð jafnóðum og þau falla til og fargað með tryggjum hætti og í samræmi við ákvæði reglugerðar um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, nr. 674/2017.

Smitvarna skal gætt, svo sem með hlífðarfatnaði, við móttöku fólks í fjárhús eða á aðra staði þar sem fé er haldið.

6. gr.

Flokkun bæja.

Bæir í áhættuhólfi skulu flokkaðir með eftirfarandi hætti:

Riðubær: þar sem dæmigerð riðuveiki hefur verið staðfest og takmarkanir hvíla á, samkvæmt reglugerð þessari.

Áhættubær: bær sem hefur faraldsfræðilegar tengingar við riðubæ undangengin sjö ár fyrir staðfestingu riðunnar. Tengingarnar geta m.a. verið samgangur fólks og/eða fjár, samnýting aðhalds, fjárhúsa, tækja og tóla, fjárrag eða flutningar fjár og annað það sem getur aukið hættu á smiti samkvæmt viðauka II. Matvælastofnun metur og ákveður hvaða bæir falla hér undir og skiptir þeim í þrjá undirflokka samkvæmt viðauka II.

Aðrir bæir í áhættuhólfi: bæir í varnarhólfi þar sem dæmigerð riðuveiki hefur verið staðfest síðastliðin sjö ár, en eru hvorki riðubæir né áhættubæir. Þeir geta flokkast í aðra bæi með takmörkunum og aðra bæi án takmarkana, sbr. 13. gr.

7. gr.

Skráning bæja.

Matvælastofnun ákveður flokkun bæja samkvæmt 6. gr. og heldur skrá þar um. Skal sú skrá lesin inn í Fjávís/Heiðrúnu og vera aðgengileg notendum viðeigandi gagnagrunns og opin opinberum aðilum. Skrá þessa skal uppfæra reglulega í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, að lágmarki árlega. Matvælastofnun skal birta skrá um flokkun bæja á heimasíðu sinni.

8. gr.

Takmarkanir á riðubæjum.

Eftirfarandi gildir um riðubæi:

- a. Sauðfé sem hvorki ber genasamsæturnar V né MV, sbr. 4. gr., skal aflífa eða slátra, það sama gildir um fé sem ber VRQ genasamsætu. Lömb yngri en 3ja mánaða má senda til slátrunar án skilyrða. Sauðfé sem ekki ber V genasamsætu og er eldra en 3ja mánaða er heimilt að senda til slátrunar að því tilskildu að tekin séu heila- og eitlasýni eða aðrar viðurkenndar sýnatökuaðferðir og beðið niðurstöðu greininga áður en dreifing afurða er leyfð. Geitfé sem ekki ber K222, D146 eða S146 genasamsætu skal aflífa eða slátra sé riðuveiki staðfest í geitahjörð.
- b. Sauðfé sem ekki er skorið niður eða sent í slátruhús skal halda innan fjárheldra girðinga á bænum og eða á jörðinni á takmörkunartíma þó með þeim undantekningum sem fram koma í c-lið 9. gr. Sama gildir um geitfé sem haldið er á riðubæ vegna riðuveiki í sauðfé. Matvælastofnun er heimilt að leyfa að féð sé haldið innan fjárheldra girðinga annars staðar, aðskildu frá öðru fé.
- c. Matvælastofnun skal árlega framkvæma klíniska skoðun á fé á bænum. Stofnuninni er heimilt að fela sjálfstætt starfandi dýralækni að framkvæma þessa skoðun undir stjórn héraðsdýralæknis gegn sérstökum samningi þar um. Kostnaður við klíniska skoðun er greiddur úr ríkissjóði.
- d. Takmörkunartími frá niðurskurði er tvö ár á bæjum þar sem allt sauðfé ber V/x arfgerð en allt að sjö ár á bæjum þar sem hluti sauðfjárins ber ekki V genasamsætu. Sami takmörkunartími gildir fyrir geitfé á viðkomandi bæ.
- e. Skylt er að rækta upp sauðfjárhjörð á riðubæ með það að lokamarkmiði að allt fé verði V/V eða V/x eða meira en 75% fjárins verði V/V eða V/x og rest MV/MV þar sem við á, enda verði allt ásetningsfé arfgerðagreint séu genasamsætur ekki þekktar.
- f. Við ræktun skal nota hrúta með V/V arfgerð, en á bæjum með fé sem ber MV genasamsætu (þar sem hluti gripa er ekki með V) er að auki heimilt að nota hrúta með V/MV og MV/MV arfgerðir.
- g. Aðkeyptir hrútar skulu vera af V/V arfgerð.
- h. Aðkeyptar gimbrar skulu bera V/x arfgerð (x má ekki vera VRQ).
- i. Framvísa skal til Matvælastofnunar öllu fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum og úr því skal taka heila- og eitlasýni. Jafnframt ber að upplýsa Matvælastofnun um vanhöld í heimahögum eða af afrétti.
- j. Óheimilt er að flytja lifandi fé frá riðubæ á önnur fjárbú. Matvælastofnun getur leyft flutning á fé með V/x arfgerð til riðu- og áhættubæja innan hólfs, þó ekki fyrstu tvö árin eftir að niðurskurði lauk, nema um sé að ræða fé sem fellur undir b-lið.
- k. Á takmörkunartíma skal ásetningsfé sem ekki er með V/x arfgerð bera rauð eyrnamerki í stað eyrnamerkjalitar viðkomandi bæjar.
- l. Bannað er að flytja frá riðubæ eða samnýta allt það sem komist hefur eða gæti hafa komist í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum, svo sem ull, rúningskamba, búnað til inndælingar í munn, áhöld tengd sauðburði og annað sambærilegt og fara með þangað þar sem smitefni gæti borist í annað fé. Aukaafurðir dýra skulu flokkast að lágmarki í 2. áhættuflokk (CAT2) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Flutningur húsdýraáburðar frá bæ er óheimill. Flutningur húsdýraáburðar frá slátruhúsi skal ávallt háður leyfi Matvælastofnunar.
- m. Flutningur eða samnýting á öðru sem borið getur með sér smitefni, svo sem ómtækjum, vogum, landbúnaðarvélum, fóðri og öðru sambærilegu, er háður leyfi Matvælastofnunar, að uppfylltum skilyrðum sem stofnuninni er heimilt að setja.

Hliðstaðar takmarkanir gilda um geitahald á riðubæ sem flokkast sem slíkur í tengslum við uppkomu riðuveiki í geitahjörð.

Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ofantöldum staflíðum og þá með þeim skilyrðum sem stofnunin telur nauðsynlegar.

9. gr.

Aflétting takmarkana á riðubæjum.

Matvælastofnun afléttir takmörkunum á riðubæjum samkvæmt 8. gr. þegar eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a. Í hjörðum þar sem allt fé er með V genasamsætu verður takmörkunum sem sérstaklega eru settar á riðubæi að jafnaði aflétt þegar tvö ár eru liðin frá því niðurskurði lauk, enda greinist hefðbundin riðuveiki ekki á takmörkunartíma.
- b. Í hjörðum með blöndu af fé með V og MV genasamsætur verður takmörkunum aflétt þegar sjö ár eru liðin frá því niðurskurði lauk eða fyrr ef $> 75\%$ hjarðarinnar ber V/V arfgerð og annað fé V/x, (x má ekki vera VRQ) eða MV/MV arfgerðir, þó ekki fyrr en að tveimur árum liðnum frá því niðurskurði lauk, enda greinist hefðbundin riðuveiki ekki á takmörkunartíma.
- c. Á takmörkunartíma er heimilt með leyfi Matvælastofnunar að setja á afrétt fé með V/x (x má ekki vera VRQ) arfgerðir auk geitfjár sem haldið er á riðubæ vegna riðuveiki í sauðfé. Matvælastofnun er skylt að skilyrða útgefin leyfi með tilliti til mögulegrar smithættu, svo sem notkunar flutningstækja, tíma frá sauðburði eða húsvist og annað það sem stofnunin telur nauðsynlegt. Við útgáfu leyfa ber Matvælastofnun að kanna næmi fjár fyrir riðuveiki á viðkomandi afrétti og leggur í kjölfarið mat á áhættu sem felst í því að veita leyfi.

Riðubær verður áhættubær í 1. áhættuflokki samkvæmt viðauka II þegar þeim sérstöku takmörkunum sem settar hafa verið á bæinn hefur verið aflétt nema að skilyrði sem fram koma í 11. gr. séu uppfyllt.

10. gr.

Takmarkanir á áhættubæjum.

Eftirfarandi gildir um áhættubæi:

- a. Matvælastofnun skal framkvæma klíniska skoðun á fénu, tvisvar á ári á búum í 1. áhættuflokki en einu sinni á ári á búum í 2. og 3. áhættuflokki. Stofnuninni er heimilt að fela sjálfstætt starfandi dýralækni að framkvæma þessa skoðun undir stjórn héraðsdýralæknis gegn sérstökum samningi þar um. Kostnaður við klíniska skoðun er greiddur úr ríkissjóði.
- b. Skylt er að rækta upp sauðfjárhjörð á áhættubæ með það að lokamarkmiði að meira en 75% kynbótahrúta verði með V/V eða V/MV arfgerðir og restin MV/MV arfgerðir og að 100% ásettra áa verði með V/x eða MV/x arfgerðir, (x má ekki vera VRQ).
- c. Aðkeyptir hrútar skulu vera með V/V, V/MV eða MV/MV arfgerð.
- d. Aðkeyptar gimbrar skulu vera með V/x eða MV/x arfgerð, (x má ekki vera VRQ).
- e. Óheimilt er að flytja lifandi fé frá bænum á önnur fjárbú. Þó er flutningur fjár með arfgerð V/V, V/MV eða MV/MV heimill til riðu- eða áhættubæja innan hólfs, með leyfi Matvælastofnunar.
- f. Bannað er að flytja frá áhættubæ eða samnýta allt það sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum og fara með þangað sem smitefni gæti borist í annað fé. Aukaafurðir dýra skulu flokkast að lágmarki í 2. áhættuflokk (CAT2) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Flutningur húsdýraáburðar hvort sem er frá bæ eða sláturhúsi skal ávallt háður leyfi Matvælastofnunar.
- g. Tilkynna skal til Matvælastofnunar um allt fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum og því framvísað óski stofnunarinnar þess. Jafnframt skal upplýsa Matvælastofnun um vanhöld í heimahögum eða af afrétti.

Hliðstæðar takmarkanir gilda um geitahald á áhættubæ sem flokkast sem slíkur í tengslum við uppkomu riðuveiki í geitahjörð.

Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ofantöldum staflíðum og þá með þeim skilyrðum sem stofnunin telur nauðsynlegar.

11. gr.

Aflétting takmarkana á áhættubæjum.

Matvælastofnun afléttir takmörkunum á áhættubæ samkvæmt 10. gr. þegar $> 75\%$ áa er með V/x eða MV/x arfgerðir, (x má ekki vera VRQ) eða þegar sjö ár eru liðin frá því riðuveiki var staðfest á tengdum riðubæ.

Þegar takmörkunum sem settar eru á áhættubæ er aflétt þá flyst hann í flokkinn „aðrir bæir í áhættuhólfi“.

12. gr.

Takmarkanir á öðrum bæjum í áhættuhólfi.

Eftirfarandi gildir um aðra bæi í áhættuhólfi, þ.e. aðra en riðu- og áhættubæi:

- a. Skylt er að rækta upp sauðfjárhjörð á öðrum bæjum í áhættuhólfi með það að lokamarkmiði að meira en 75% kynbótahrúta verði með V/V eða V/MV arfgerðir og aðrir hrútar MV/MV arfgerðir og meira en 90% ásettra áa verði með V/x eða MV/x arfgerðir.
- b. Óheimilt er að flytja lifandi fé frá bænum á önnur fjárbú. Þó er flutningur fjár með arfgerð V/x (x má ekki vera VRQ) eða MV/MV heimill innan hólfs, með leyfi Matvælastofnunar. Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu til flutnings líffjár með arfgerð AT₁₃₇RQ/x (x má ekki vera VRQ) innan hólfs frá bænum.
- c. Bannað er að flytja frá bænum á önnur fjárbú eða samnýta allt það sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum. Aukaafurðir dýra skulu flokkast að lágmarki í 2. áhættuflokk (CAT2) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Flutningur húsdýraáburðar hvort sem er frá bæ eða sláturhúsi skal ávallt háður leyfi Matvælastofnunar.
- d. Tilkynna skal til Matvælastofnunar um allt fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum og því framvísað óski stofnunarinnar þess. Jafnframt skal upplýsa Matvælastofnun um vanhöld í heimahögum eða af afrétti.

Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ofantöldum staflíðum og þá með þeim skilyrðum sem stofnunarinnar telur nauðsynlegar.

13. gr.

Aflétting takmarkana á bæjum í áhættuhólfi.

Matvælastofnun afléttir takmörkunum samkvæmt 12. gr. af bæ sem er flokkaður sem annar bær í áhættuhólfi þegar > 75% kynbótahrúta eru með V/V eða V/MV arfgerðir og aðrir hrútar V/x eða MV/x arfgerðir, og þegar > 50% ásettra áa eru með V/x eða MV/x arfgerðir.

Öllum takmörkunum er aflétt af bæjum í áhættuhólfi þegar sjö ár eru liðin frá því riðuveiki var staðfest í hólfinu og hólfið þá ekki lengur skilgreint sem áhættuhólf.

IV. KAFLI

Viðbrögð við uppkomu riðuveiki.

14. gr.

Tilkynning um grun um riðuveiki, fyrstu viðbrögð og greining.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að fé sé haldið riðuveiki eða ef grunur vaknar um riðuveiki, ber án tafar að tilkynna það Matvælastofnun. Fáir Matvælastofnun slíka tilkynningu og telji mögulegt að hún sé á rökum reist eða ef stofnunarinnar telur af öðrum sökum að riðuveiki kunni að vera til staðar, s.s. eftir smitrakningu, gefur stofnunarinnar út fyrirmæli um varúðarráðstafanir, s.s. aflífun fjár til greiningar og tímabundið bann við flutningum fjár og við dreifingu afurða.

Þegar Matvælastofnun gefur fyrirmæli um aflífun fjár á grundvelli 1. mgr. skal um leið ákveða hvernig staðið verði að framkvæmd aflífunar, töku sýna og sendingu þeirra til greiningar. Að sýnatöku lokinni skal farga hræjum í samræmi við reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, nr. 674/2017.

15. gr.

Skimun.

Matvælastofnun skal árlega framkvæma áhættumiðaða skimun fyrir riðuveiki á landinu öllu í fé sem er 18 mánaða og eldra. Við ákvörðun um fjölda sýna til skimunar skal að lágmarki fylgja ákvæðum reglugerðar um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heila-hrörnunar, nr. 41/2012.

16. gr.

Ráðstafanir í kjölfar sýnatöku sláturfjár.

Dýralækni á vegum Matvælastofnunar er óheimilt að ljúka heilbrigðisskoðun sláturfjár sem riðusýni hefur verið tekið úr fyrir en eftir að niðurstöður rannsókna liggja fyrir. Matvælastofnun getur þó ákveðið að heilbrigðisskoðun verði lokið ef rekjanleiki innan sláturhússins er tryggður og fullvíst að skrokkar fari hvorki í vinnslu né verði afhentir úr sláturhúsi fyrir en neikvæðar niðurstöður liggja fyrir.

Öllum afurðum sláturfjár sem riðusýni hefur verið tekið úr, þ.m.t. gærum, skal haldið aðskildum undir opinberu eftirliti þar til neikvæðar niðurstöður liggja fyrir, nema þeim sé eytt eða þeim ráðstafað í samræmi við reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, nr. 674/2017. Skrokkum og afurðum dýra, þ.m.t. gærum, sem greinst hafa jákvæð fyrir riðu skal fargað í samræmi við ákvæði framangreindrar reglugerðar.

17. gr.

Greining sýna.

Matvælastofnun gerir samning við rannsóknastofu um greiningu sýna sem leiðbeinir um sýnatöku, geymslu og frágang fyrir flutning, auk tímamarka greininga og upplýsingamiðlunar.

Þegar riðuveiki hefur verið staðfest skal rannsóknastofan framkvæma eða láta framkvæma arfgerðagreiningu á öllum jákvæðum sýnum og í samræmi við 4. gr.

18. gr.

Skráning riðugreininga.

Matvælastofnun heldur og uppfærir skrá um staðfestar greiningar á riðuveiki þ.e. bæði dæmigerðrar riðuveiki og afbrigðilegrar riðuveiki, sbr. 7. gr. Stofnunin skal standa skil á öllum tilkynningum og skýrslum til erlendra stofnana í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

19. gr.

Viðbrögð við staðfestingu á riðuveiki.

Þegar dæmigerð riðuveiki er staðfest í hjörð skal Matvælastofnun ákveða aðgerðir í samræmi við a- og b-lið 8. gr. sem og c-lið 9. gr. og að undangenginni úttekt á aðstæðum og getu og vilja eigandans til að halda fénu innan girðinga og frá öðrum hjörðum, þar á meðal sameiginlegum beitarlöndum. Við ákvarðanatöku samkvæmt 1. málslíð ber einnig að horfa til smitvarna, aðstæðna á búi og að jafnaði velja þann kost sem leiðir til minni fjárútláta hins opinbera.

Matvælastofnun leggur mat á hversu aðkallandi aðgerðir eru með tilliti til árstíma, smithættu og velferðar fjárins og er stofnuninni heimilt að leggja til að fresta aðgerðum í allt að þrjá mánuði ef ástæða þykir til. Sé arfgerð ekki þekkt eða hún byggir á spá í Fjávís út frá ætternisupplýsingum skal arfgerðagreina þær kindur sem svo stendur á um, óski eigandi þess, áður en stofnunin ákveður aðgerðir sem varða það fé. Matvælastofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirmælum í c-lið 8. gr. sé fylgt. Liggi ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar úr Fjávís, eða nægilegt hlutfall arfgerðagreindra einstaklinga í hjörðinni, getur Matvælastofnun ákveðið heildarniðurskurð.

Sé niðurskurður ákveðinn samkvæmt 1. mgr. skal Matvælastofnun annast framkvæmdina, þar á meðal flutning fjár og förgun hræja. Ákvörðun um fyrirkomulag afhendingar fjárins skal tekin í samráði við eiganda fjárins, en honum ber að afhenda stofnuninni féð á þeim stað sem stofnunin ákveður, að jafnaði heima á bæ. Sé slátrun ákveðin samkvæmt 1. mgr. skal eigandi fjárins senda það í sláturhús í samráði við Matvælastofnun. Aukaafurðir dýra úr slíku sláturfé skulu flokkaðar í 1. áhættuflokk (CAT1), nema neikvæð sýnaniðurstæða liggi fyrir úr fénu, þá skulu aukaafurðir dýra flokkaðar í áhættuflokk 2 (CAT2) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Flutningur húsdýra-ábúrdar frá sláturhúsi skal ávallt háður leyfi Matvælastofnunar.

Við niðurskurð eða slátrun skal taka sýni úr öllu fé 18 mánaða og eldra, bæði heila- og eitlasýni, til rannsóknar á riðuveiki. Óheimilt er að hirða, vinna eða nýta hvers konar afurðir úr fjárhjörð sem hefur verið skorin niður. Þó er heimilt að nýta mjólk og mjólkurafurðir í annað en jórturdýr.

Við niðurskurð skal hræjum eytt í samræmi við ákvæði reglugerðar um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, nr. 674/2017. Hið sama gildir um fósturvísa og egg sem tekin eru úr ám eða huðnum í hjörðinni. Matvælastofnun

hefur eftirlit með að flutningur og förgun hræja og annars smitefnis sé í samræmi við löggjöf sem um það gildir.

Matvælastofnun er heimilt að fresta niðurskurði í allt að þrjú ár ef hjörð ber einstaka erfða-eiginleika sem vert er að varðveita á landsvísi, að höfðu samráði við fagráð í sauðfjárrækt og erfðanefnd landbúnaðarins. Forsendur þess að heimildir séu nýttar um að undanskilja sauðfé frá niðurskurði eða fresta honum, eru að arfgerð fjárens og/eða fósturs sé þekkt og að ræktunaráætlun liggi fyrir sem uppfyllir lokamarkmið um ræktun gegn riðuveiki á riðubæ, sbr. e-lið 8. gr. Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liðar 9. gr. framlengist aflétting takmarkana þar til lokamarkmiðum ræktunar gegn riðuveiki í hjörðinni er náð.

Um rétt eiganda fjár til bóta fyrir fjárstofn sem er skorinn eða er slátrað samkvæmt 1. mgr. fer samkvæmt ákvæðum 24. gr.

20. gr.

Smitrakning.

Þegar dæmigerð riðuveiki hefur verið staðfest af rannsóknastofu, samkvæmt 17. gr., skal Matvælastofnun þegar í stað framkvæma faraldsfræðilega rannsókn á dreifingu smits og mögulegum uppruna þess.

Smitrakning skal einkum ná til foreldra, systkina, afkvæma og fósturvísa áa sem hafa greinst með riðuveiki, auk tengdra árganga. Leiði smittrakning í ljós breytingu á flokkun bæja samkvæmt 6. gr. skal Matvælastofnun uppfæra jafnharðan flokkun þeirra samkvæmt 7. gr.

Um rétt eiganda fjár til bóta fyrir fé sem eytt er vegna smittrakningar samkvæmt grein þessari fer samkvæmt ákvæðum 24. gr.

21. gr.

Uppræting smitefnis.

Innan 60 daga frá staðfestingu á dæmigerðri riðuveiki tekur Matvælastofnun ákvörðun um aðgerðir til að lágmarka smitefni riðu, óháð því hvort niðurskurður hafi farið fram eða ekki. Aðgerðir ná til viðkomandi riðubæjar sem og annarra staða sem hafa faraldsfræðilega tengingu við riðuhjörð þegar við á. Aðgerðir til að minnka magn smitefnis fela í sér að hreinsa eða að fjarlægja efni eða hluti, þvo og sótthreinsa eða ígildi þess, svo sem málun.

Hreinsa skal þannig að smitefni riðu sé lágmarkað á stöðum þar sem helstu smitleiðirnar eru, svo sem á svæði innandyra þar sem sauðburður fer fram, fóðurstæðum, gördum, vatnstrogum og á hlutum sem fé sækir í að sleikja, innandyra sem utan.

Hreinsun og þrifum skal vera lokið að lágmarki einum mánuði áður en nýtt fé er tekið á bæ/i hjörð og skulu hafa staðist úttekt Matvælastofnunar áður en sótthreinsun fer fram. Þeir sem ekki ætla að taka fé að nýju eða nýtt fé í hjörðina skulu hafa lokið þrifum og sótthreinsun innan sex mánaða frá því að niðurskurði eða slátrun lauk.

Eigandi fjár annast hreinsun samkvæmt 1. mgr. og leiðbeiningum Matvælastofnunar, en stofnunin annast sótthreinsun. Eigandi fjár annast förgun smitefnis samkvæmt leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar. Um greiðslu kostnaðar og bóta fer samkvæmt ákvæðum 26. gr.

22. gr.

Ráðstafanir við greiningu á afbrigðilegri riðuveiki.

Þegar afbrigðileg riðuveiki hefur verið staðfest af rannsóknastofu er ekki krafist sérstakra aðgerða en viðkomandi fjárhjörð skal flokkuð sem áhættubær í áhættuflokki 2 í viðauka II.

V. KAFLI

Kostnaður og bætur vegna niðurskurðar.

23. gr.

Greiðsla kostnaðar við niðurskurð.

Allur kostnaður sem til fellur við niðurskurð samkvæmt IV. kafla, svo sem vegna aflifunar fjár, rannsóknar sýna, arfgerðagreininga, flutnings, förgunar og eyðingar, vegna uppkomu riðuveiki greiðist úr ríkissjóði.

Matvælastofnun ber ábyrgð á greiðslum á kostnaði sem til fellur vegna 1. mgr. gegn framlögðum reikningum enda hafi verið stofnað til kostnaðarins samkvæmt fyrirætlum eða með samþykki stofnunarinnar.

24. gr.

Bústofnsbætur.

Bústofnsbætur eru greiddar til eiganda fjár til að unnt sé að endurnýja fjárstofn eftir niðurskurð. Matvælastofnun greiðir bústofnsbætur gegn framlögðum reikningum á kaupum líflamba/-kiða. Líflömb skulu uppfylla kröfur um arfgerðir sem gerðar eru til endurnýjunar bústofns á riðubæjum samkvæmt g-lið og h-lið 8. gr. Fjöldi líflamba/-kiða sem bætur þessar ná til geta þó aldrei verið fleiri en fjöldi þess fjár sem ákveðið var að skyldi aflífa samkvæmt 19. gr. Matvælastofnun er heimilt að takmarka þann fjölda hrúta sem bættur er og miða við þann fjölda hrúta sem notaður hefur verið á búinu síðasta ár fyrir niðurskurð. Sé kaupum líflamba/-kiða til endurnýjunar bústofns ekki lokið innan þriggja ára frá niðurskurði (miðað við 15. nóvember ár hvert) eða endurreisn bústofns fer ekki fram skal Matvælastofnun meta og afgreiða bætur fyrir þann fjölda sem út af stendur samkvæmt umsókn þar um. Við ákvörðun slíkra bóta skal taka mið af markaðsverði líflamba með V/x arfgerð.

Matvælastofnun er heimilt að synja greiðslu bóta samkvæmt framlögðum reikningum á kaupum líflamba/-kiða telji stofnunin að fjárhæð víki greinilega frá markaðsverði á hverjum tíma að undangenginni könnun þar um. Matvælastofnun er heimilt að miða bætur við kaupverð fullorðins fjár með V/V arfgerðir hafi það verið keypt í stað ungviðis.

25. gr.

Afurðatjónsbætur.

Í kjölfar niðurskurðar samkvæmt reglugerð þessari fær eigandi fjár, í allt að fimm ár, greiðslu vegna tapaðra afurðatekna samkvæmt umsókn þar um. Miðað er við óunnar afurðir. Skilyrði fyrir óskertum afurðatjónsbótum er að fé sé fjölgað árlega að jafnaði um þriðjung af fjölda þess sem skorinn var þar til fullum fjárfjölda er náð eins og hann var við niðurskurð. Náist það ekki skerðast bætur hlutfallslega. Fjárhæðin miðast að jafnaði við meðaltal allra fenginna afurðatekna vegna sauðfjárræktar næstliðin þrjú almanaksár áður en niðurskurður fór fram. Fjárhæðin tekur breytingum miðað við árlegar meðalafurðaverðlagsbreytingar. Heimilt er að taka tillit til þess ef afurðaverð á viðkomandi ári vikur verulega frá öðrum árum og miða þá við annað ár í þess stað. Í umsókn um afurðatjónsbætur lætur eigandi fjár í té fullnægjandi gögn, svo sem innleggsseðla yfir fengnar afurðatekjur á hverju ári. Afurðatekjur vegna sauðfjárframleiðslu sem búið fær á greiðslutímabilinu, s.s. vegna þess hluta hjarðar sem ekki var skorinn og þess fjár sem við hefur bæst, dragast frá greiðslum. Matvælastofnun annast greiðslur bóta samkvæmt þessari grein að fengnum fullnægjandi umsóknum þar um.

26. gr.

Bætur vegna hreinsunar og förgunar.

Ríkissjóður bætir efni og hluti sem er fargað samkvæmt ákvörðun Matvælastofnunar í samræmi við 21. gr. Komi til flutnings efnis á viðurkennda förgunarstöð greiðist hann úr ríkissjóði, sama gildir um förgunargjald. Stofnunin annast greiðslu kostnaðar og bóta samkvæmt þessari grein.

Verðmæti efnis og hluta sem Matvælastofnun ákveður förgun á samkvæmt 1. mgr. skal metið af óháðum matsmanni sem tekur verkið að sér að beiðni Matvælastofnunar. Við verðmat skal taka mið af ástandi efna og hluta við förgun og er heimilt að lækka verð frá nývirði í samræmi við ástand. Við matið er heimilt að styðjast við reglur sem Náttúruhamfaratrygging Íslands notar hverju sinni. Matsmaður skilar matsblaði til eiganda fjár og Matvælastofnunar og sækir eigandi fjár í kjölfarið um bætur til stofnunarinnar. Matvælastofnun greiðir kostnað við matið samkvæmt framlögðum reikningi matsmanns.

Ekki er greitt fyrir vinnu og kostnað við hreinsun og þrif og ekki fyrir fyrningu á heyi, ráðstöfun á taði, ráðstöfun á jarðvegi eða annað sambærilegt, nema það falli undir 1. mgr. Kostnaður við sótt-hreinsun samkvæmt 21. gr. er greiddur af ríkissjóði.

Þá er Matvælastofnun heimilt að greiða annan sértækan kostnað sem til fellur vegna aðgerða til útrýmingar riðuveiki.

27. gr.

Umsókn um bætur og styrki.

Sækja skal um bústofnsbætur samkvæmt 24. gr., afurðatjónsbætur samkvæmt 25. gr., bætur fyrir förgun á efni og hlutum samkvæmt 26. gr. og um styrki vegna girðinga samkvæmt 32. gr. hjá Matvælastofnun Stofnunin tekur ákvörðun um og greiðir bústofnsbætur innan 30 daga frá því fullnægjandi umsókn þar um berst. Að fenginni umsókn um bætur fyrir efni og hluti ákveður Matvælastofnun innan 30 daga bótaupphæð í samræmi við 26. gr. Greiða skal 70% bótaupphæðar innan 30 daga frá því að bótaupphæð er ákveðin. Eftirstöðvar skal greiða innan tveggja vikna frá því að hreinsun og þrif hafa staðist úttekt Matvælastofnunar.

Matvælastofnun annast greiðslu afurðatjónsbóta samkvæmt 25. gr. og greiðslu styrkja samkvæmt 32. gr. Greiðslur skulu inntar af hendi innan 30 daga frá því fullnægjandi umsókn þar um berst.

28. gr.

Skerðing bóta.

Hafi eigandi fjár ekki farið eftir ákvæðum laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 eða ákvæðum reglugerðar þessarar sem og öðrum fyrirbættum settum samkvæmt þeim skal Matvælastofnun taka ákvörðun um hvort bætur samkvæmt 24. gr., 25. gr. og 26. gr. skuli skertar að öllu leyti eða að hluta.

Matvælastofnun er heimilt að skerða bætur að öllu leyti hafi eigandi orðið sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita að haldið var riðuveiki eða valdið því með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi eða vanrækslu að fé hans smitaðist.

Matvælastofnun er heimilt að skerða bætur um allt að 90% hafi eigandi valdið því með gáleysi eða vanrækslu að fé hans smitaðist af riðuveiki eða hafið er yfir skynsamlegan vafa að féð hafi smitast sem rekja megi til gjörnings eða vanrækslu. Við ákvörðun um hlutfall skerðingar skal stofnunin taka tillit til hversu alvarlegar afleiðingar gjörnings eða vanræksla eiganda eða umráðamanns eru. Við ákvörðun um hlutfall skerðingar bóta skal stofnunin einnig taka tilliti til hversu oft, lengi eða viðvarandi gjörningur eða vanræksla hefur staðið, þar á meðal vanræksla við að rækta gegn riðuveiki samkvæmt 4. gr.

VI. KAFLI

Fjárstuðningur og aðrar greiðslur.

29. gr.

Opinberar stuðningsgreiðslur.

Riðubær þar sem niðurskurður hefur farið fram heldur öllum opinberum stuðningsgreiðslum í allt að þrjú ár frá því að niðurskurður var framkvæmdur. Upphæðin miðast við meðaltal greiðslna til búsin næstliðin þrjú almanaksár áður en riðuveiki var staðfest. Heimilt er að taka tillit til þess ef eitthvað af árunum voru afbrigðileg og miða þá við annað ár í þess stað. Greiðslur taka árlega verðlagsbreytingum á tímabilinu með sama hætti og árleg heildarupphæð fjárveitinga til stuðnings við sauðfjárrækt. Greiðslur sem búið fær til stuðnings sauðfjárframleiðslu samkvæmt almennum reglum á sama tímabili, s.s. vegna þess hluta hjarðar sem ekki var skorinn niður, dragast frá greiðslum. Verði teknar ákvarðanir um viðbótargreiðslur á grunni sauðfjársamnings á tímabilinu fær búið þær líka. Atvinnuvegaráðuneytið annast þessar greiðslur og skulu þær fylgja almennum útgreiðslum opinberra stuðningsgreiðslna til sauðfjárbænda.

30. gr.

Styrkir til ræktunar.

Í því augnamiði að auka útbreiðslu verndandi og mögulega verndandi arfgerða á landsvísu annars vegar og hraða ræktun á riðu- og áhættubæjum hins vegar er atvinnuvegaráðuneytinu heimilt að veita sérstaka styrki til eiganda fjár í samræmi við fjárheimildir Alþingis hverju sinni. Í þessum tilgangi er heimilt að úthluta styrkjum vegna notkunar sæðingahrúta á landsvísu og notkunar kynbótahrúta á riðu- og áhættubæjum óháð uppruna þeirra. Styrkir þessir eru:

- a. Sæðingastyrkir ná til notkunar á sæðingastöðvahrútum sem bera V eða MV genasamsætur. Styrkir vegna notkunar á hrútum sem bera V genasamsætu getur verið allt að helmingi hærri

heldur en vegna notkunar á MV hrútum. Styrkgreiðslur miðast við skráðar sæðingar í Fjárvís og skal skráningu hafa verið lokið fyrir 8. janúar ár hvert.

- b. Ræktunarstyrkir ná til notkunar á hrútum (öðrum en sæðingahrútum) á áhættubæjum, sbr. 6. gr. Styrkir miðast við fjölda áa sem haldið er undir hrúta sem bera V/V, V/MV eða MV/MV arfgerðir og skulu styrkir vera misháir eftir arfgerðum, þannig að V/x arfgerðir hljóti allt að helmingi hærri úthlutun en MV/x arfgerðir. Á riðubæjum nær styrkur aðeins til notkunar á V/V hrútum. Ræktunarstyrkirnir miðast við skráningu í Fjárvís 20. ágúst ár hvert. Ekki er greiddur styrkur út á ær sem þegar hefur verið greiddur styrkur út á vegna sæðinga samkvæmt a-lið.

31. gr.

Styrkir til arfgerðagreininga.

Í því augnamiði að tryggja markvissa ræktun fjár á landsvísu samkvæmt 4. gr. er ráðuneytinu heimilt að styrkja arfgerðagreiningar í samræmi við fjárheimildir Alþingis hverju sinni.

Heimilt er að gera tímabundinn samning við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um ráðstöfun og úthlutun greiningastyrkja til eiganda fjár.

32. gr.

Styrkir til viðhalds og uppbyggingar girðinga í heimalandi.

Matvælastofnun er heimilt að greiða efniskostnað, eða hluta hans, til að girða af heimalönd eða annað það land sem Matvælastofnun hefur heimilað að fé sé haldið á, ef það er að mati stofnunarinnar forsenda þess að hægt sé að uppfylla ákvæði b-liðar 8. gr. Umsóknir um styrki samkvæmt þessari grein berist til Matvælastofnunar. Stofnunin skal leggja mat á efniskostnað með sjálfstæðum hætti t.d. með því að leita óháðs mats.

VII. KAFLI

Viðurlög, þvingunarúrræði og kæruheimild.

33. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

34. gr.

Kæruheimild.

Stjórnvaldsákvörðanir sem Matvælastofnun tekur á grundvelli reglugerðar þessarar sæta kæru til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

VIII. KAFLI

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði.

35. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Reglugerð þessi er byggð á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, m.a. í því skyni að tryggja erlend viðskipti með fé og afurðir þess, sbr. staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (WOAH) og ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnnunar, nr. 41/2012.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2026. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, nr. 651/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Stuðningur við uppbyggingu hjarða í kjölfar niðurskurðar.

Á bæjum þar sem niðurskurður hefur farið fram fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og endurnýjun fjár hefur ekki enn náð þeim fjölda sem skorinn var, gilda ákvæði um kaup líflamba samkvæmt 24. gr. og ákvæði um afurðatjónsbætur samkvæmt 25. gr. auk ákvæða um umsóknir samkvæmt 27. gr.

II.

Endurskoðun eldri samninga.

Samningar um niðurskurð vegna riðuveiki sem undirritaðir voru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og þar sem fjárleysistími eða takmörkunartímabil varir enn skulu endurskoðaðir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Sú endurskoðun getur aldrei leitt til greiðslu umfram ákvæði reglugerðarinnar.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 17. desember 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Elísabet Anna Jónsdóttir.

Viðauki I.**Flokkun arfgerða.**

	ARQ	VRQ	AHQ	ARR	AT ₁₃₇ RQ	AN ₁₃₈ RQ	AC ₁₅₁ RQ
ARQ	N						
VRQ	N	N					
AHQ	MV	N	MV				
ARR	V	N	V	V			
AT ₁₃₇ RQ	MV	N	MV	V	MV		
AN ₁₃₈ RQ	N	N	MV	V	MV	N	
AC ₁₅₁ RQ	MV	N	MV	V	MV	MV	MV

N táknar næmar arfgerðir.

MV táknar mögulega verndandi arfgerðir.

V táknar verndandi arfgerðir.

Viðauki II.**Flokkun áhættubæja.**

Í samræmi við 6. gr. nær faraldsfræðileg tenging við riðubæ til undangenginna sjö ára fyrir staðfestingu riðunnar.

Áhættu-flokkur	Viðmið
1	Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), ekki með V
1	Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, ekki með V
1	Sameiginlegt fjárrag í húsi
1	Samgangur/-hjálp bænda á sauðburði
1	Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við slímhúð eða líkamsvessa
2	Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), með V
2	Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, með V
2	Sameiginlegt fjárrag í aðhaldi heima á bæjum
2	Sameiginlegur fjárflutningur
2	Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við fé, ef ekki slímhúð eða líkamsvessa
2	Samnýting á skítadreifurum
2	Sameiginlegt beitiland með fóðurgrindum og drykkjartrogum
3	Fóður fengið frá riðubæ
3	Regluleg samnýting landbúnaðartækja með óbeina snertingu við fé
3	Landfræðileglega (aðliggjandi bæir)